

Dags:  
18.03.14

## REGLUR FYRIR LEIÐBEINANDUR OG ÞJÁLFARA SÍH

Útgáfa 1

### Markmið / tilgangur.

Að tryggja ábyrga og markvissa þjálfun í haglabyssuskotfimi. Vera fyrirmynd félagsmanna á öllum sviðum.

### Ábyrgðarmenn:

Fræðslunefnd og stjórn SÍH

### Lýsing:

- Þjálfari skal beita markvissri og faglegri þjálfun/leiðbeiningum í viðkomandi íþróttagrein.
- Þjálfari skal þekkja öryggisreglur félagsins og tryggja öryggi iðkenda.
- Þjálfari skal viðhafa góða umgengni á skotsvæðinu og leiðbeina öðrum um slíkt hið sama.
- Þjálfari skal ekki mismuna iðkendum að neinu tagi, svo sem eftir aldri, kyni, getu né öðru.
- Þjálfari skal virða viðhorf og skoðanir annarra.
- Þjálfara ber að virða starfsbræður sína og hafi eigi afskipti af starfi þeirra nema að beiðni eða með leyfi viðkomandi eða fræðslunefndar.
- Þjálfara ber að virða skipulagða æfingatíma annarra og haga starfi sínu í samræmi við það.
- Þjálfari skal vera vakandi yfir þeim áhrifum sem hegðun hans getur haft á iðkendur og aðra og halda faglegri fjarlægð frá iðkanda og aðstandendum hans.
- Þjálfari skal krefjast ágætis en ekki búast við fullkomnum. Hann skal hvetja og fylla iðkanda eldmóð og leitast við að vinna traust hans og virðingu. Hann skal leggja metnað sinn í að skilja iðkandann áður en hann reynir að hafa áhrif á viðhorf hans.
- Öll þjálfun á vegum SÍH skal fara fram á grundvelli félagsins. Þjálfara/leiðbeinanda eins og öðrum er heimilt að leigja lðavelli í samræmi við reglur SÍH. Undir slíkum kringumstæðum er þjálfari á eigin vegum en ekki á á ábyrgð né tryggingum SÍH.